

Nd.

236. Frumvarp til laga

[120. mál]

um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

a. 9. töluliður 1. gr. laga nr. 19/1955 orðist svo:

Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Berufirði.

b. Á eftir 9. tölulið 1. gr. laga nr. 19/1955 komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

Hornafjarðarumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Búlandshreppur og Geit-hellnahreppur í Suður-Múlasýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þjónusta sú, sem dýralæknar veita, reynist bændastétt landsins mjög mikils virði. Eftir því sem árangur verður betri af kynbótum búfjár og fóðrun búpenings batnar, verða störf dýralækna æ nauðsynlegri fyrir bændastéttina.

Með lögum nr. 19/1955, um dýralækna, var dýralæknaumdæmunum í landinu fjölgað frá því, sem áður var. Þrátt fyrir það eiga Austur-Skaftfellingar mjög erfiða aðstöðu til þess að geta notið þjónustu dýralæknis. Umdæmi dýralæknis á Austurlandi nær yfir Múlasýslur, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu. Er það stærra landssvæði og torveldara yfirferðar en svo, að einn dýralæknir geti veitt þar fullnægjandi þjónustu. Dýralæknir á Austurlandi hefur aðsetur á Egilsstöðum. Á veturna er oft illfært þaðan til Hornafjarðar. En sá dýralæknir á Suðurlandi, sem næstur er Austur-Skaftfellingum, hefur aðsetur á Hellu í Rangárvallasýslu.

Í frv. þessu felst sú breyting á gildandi lögum um dýralækna, að Austurlandsumdæmi verði skipt, þannig að lögfest verði nýtt umdæmi, Hornafjarðarumdæmi, er nái frá Skeiðarársandi að Berufirði.